

Kirkjuþing 2021-2022

15. mál – þskj. 15

T I L L A G A
til þingsályktunar um sölu fasteigna.
(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021)

Flutt af Gísla Gunnarssyni, Stefáni Magnússyni og Þuríði Björgu Wíium Árnadóttur.
Frsm. Stefán Magnússon.

Kirkjuþing 2021 samþykkir að fela kirkjuráði að selja eftirtaldar fasteignir enda fáist viðunandi söluverð:

1. Árnes 1, Árneshreppi
2. Voli, Flóahreppi
3. Skeggjastaðir, Langanesbyggð
4. Syðra-Laugaland og Brúnir (úr Syðra-Laugalandi), Eyjafjarðarsveit
5. Hamrahlíð 12, Vopnafirði
6. Hvammstangabraut 21, Hvammstanga

Einnig verði hugað að sölu eftirfarandi eigna á næstu árum:

1. Bergstaðastræti 75, Reykjavík
2. Dalbraut 2, Dalvík
3. Desjarmýri, Múlaþingi
4. Eyrarvegur 26, Grundarfirði
5. Hjarðarhagi 30, Reykjavík
6. Hlíðarvegur 42, Ólafsfirði
7. Hólagata 42, Vestmannaeyjum
8. Hvanneyrarbraut 45, Siglufirði
9. Kolfreyjustaður, Fjarðarbyggð
10. Kópnesbraut 17, Hólmavík
11. Króksholt 1, Fáskrúðsfirði
12. Lágsholt 9, Stykkishólmi
13. Lindarholt 8, Ólafsvík
14. Miðtún 12, Ísafirði

15. Miklibær, Akrahreppi
16. Smáragata 6, Vestmannaeyjum
17. Völusteinsstræti 16, Bolungarvík

Greinargerð.

Á 60. kirkjuþingi var samþykkt tillaga um skipun sérstaks starfshóps sem fengi það hlutverk að fara yfir stöðu fasteigna þjóðkirkjunnar og gera tillögur um nánari útfærslu fasteignastefnu þjóðkirkjunnar. Skyldi hópurinn móta stefnu um það í hvaða prestaköllum nauðsynlegt væri að hafa til staðar prestssetur/prestssetursjarðir. Hópurinn skyldi þannig meta hvaða fasteignir skyldu vera áfram í eigu kirkjunnar, jafnvel þótt þær væru ekki nýttar í þágu prestsþjónustu og hvaða eignir mætti hugsanlega selja.

Hefur starfshópurinn yfirfarið eignasafn þjóðkirkjunnar með 1. grein fasteignastefnunnar að leiðarljósi, en hún er svohljóðandi: *„Til að styðja þjónustu þjóðkirkjunnar, hlutverk hennar og markmið skulu lagðar til fasteignir þar sem nauðsyn krefur og eftir því sem fjárhagur leyfir og stefna þessi mælir nánar fyrir um.“*

Óskar starfshópurinn eftir að kirkjuþing ákveði að selja þær fasteignir sem greinir í þingskjalinu.

Samhliða tillögu þessari um kaup og sölu fasteigna er lögð fram skýrsla starfshópsins. Sumar af eignum þeim sem lagt er til að verði seldar hafa áður verið á söluheimildarlista kirkjuþings.

Verði tillaga þessi samþykkt verða lagðar til nauðsynlegar breytingar á starfsreglum um skipan kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.